

BRENDA PREHAL

*Fornleifaskáning vegna hitaveitu og
ljósleiðara í Hegranesi 2020*



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2020/232



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga
2020/232

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Tilgangur fornleifaskráningar.....	4
Aðferðarfræði	5
Fornleifaskráning	6
Heimildaskrá	11
Hnitaskrá.....	12

Inngangur

Sumarið 2020 fór fram fornleifakönnun og fornleifaskráning á Hegranesi. Verkið var unnið af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir Skagafjarðarveitur. Vettvangsskráning fór fram þann 10. ágúst. Vettvangsvinna, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2153

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær meint kuml í landi Utanverðuness raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [2153-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Í umfjöllun um einstaka minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sem þær eru setti framan við númerið til aðgreiningar.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi framkvæmda vegna hitaveitu og ljósleiðara í Hegranesi 2020.

Við skráningu jarðstrengja eru skoðaðir 15m til beggja hliða út frá strenglögnum.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmynd var fengin hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Utanverðunes 2153-1

Hlutverk: Kumlateigur

Tegund: Mögulegt kuml

Staðhættir

Mögulegt kuml er vestur af Nesvatni, um 300m suðvestur af bænum Utanverðunesi og um 20m austan við fyrirhugaða línuleið.

Lýsing

Mögulegt kuml er sporöskjulaga og inniheldur nokkra stóra steina. Það er staðsett í brekku við Nesvatn og liggur nokkurn veginn í norður-suður, með útsýni yfir bæinn, sem gefur til kynna að um kuml sé að ræða skv. skilgreiningu Adolfs Friðrikssonar². Kumlið er um 5m langt frá norðaustur til suðvesturs og um 3m frá austri til vesturs.



Mynd 1. Loftmynd af mögulegu kumli á Utanverðunesi.

² Friðriksson, Adolf. "Social and Symbolic Landscapes in Late Iron Age Iceland." *Archaeologia Islandica* 7 (2009).

Utanverðunes 2153-2

Hlutverk: Öskuhaugur


Tegund: Heimild

Staðhættir

Öskuhaugurinn er beint vestur af núverandi íbúðarhúsi. Línuleiðinn liggur þvert yfir öskuhauginn.

Lýsing

Við fornleifakönnun árið 2016 fannst öskuhaugur vestan við íbúðarhúsið.



Mindir 2-4. Loftmyndir af bæjarstæðinu Utanverðunesi.³



³ Bolender, Douglas J. et al. Hegrans Settlement Survey: Rein, Keta, Hamar, Utanverðunes, Ásgrímsstaðir. Interim Report 2016. Report no. BSK-2017-183 / SCASS-2017-111. Byggðasafn Skagfirðinga/Fiske Center for Archaeological Research, UMass Boston. 2017.

Helluland 1 2153-3**Hlutverk:** Fjárhús, hlaða**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Fjárhúsið og hlaðan eru um 200m norðvestur af íbúðarhúsinu. Þau eru um 15m austur af línuleiðinni. Tóftinn er á klapparhæð rétt austan við áætlaða línuleið.

Lýsing

Fjárhúsið og hlaðan eru nokkuð stæðileg, en sökum gróðurs og byggingaleifa er erfitt að greina tóftirnar. Fjárhúsið er um 14m á lengd og 7m á breidd og liggur frá norðvestri til suðausturs. Hlaðan er um 4m á lengd og 1m á breidd, frá norðvestri til suðausturs. V i ð fornleifakönnun árið 2017 fundust mannvistarleifar í kringum fjárhúsið. Tóftinn er mögulega svonefnd Hornhúsgerði⁴.


Helluland 1 2153-4**Hlutverk:** Bæjarstæði**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Gamli bæjarhóllinn er undir íbúðarhúsinu að Hellulandi 1. Línuleiðinn fer í gegnum bæjarhólinn.

Lýsing


Við fornleifakönnun árið 2017 fundust mannvistarleifar í við íbúðarhúsið. Bæjarhóllinn er um a.m.k. 40m á lengd og 20m á breidd.

⁴ Örnefnaskrá fyrir Helluland. Sigurður Ólafsson skráði. 1934 Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 5. Loftmynd af Hellulandi.



Pre-1104 Farmstead Extent



1104 -1300 Farmstead Extent



Post -1300 Farmstead Extent



⁵ Bolender, Douglas J. et al. Helluland on Hegrans: Coring, & Test Pit: Interim Report 2016. Report no. BSK 2017-185 / SCASS 2017-13. Byggðasafn Skagfirðinga/Fiske Center for Archaeological Research, UMass Boston. 2017.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Bolender, Douglas J. et al. Hegranes Settlement Survey: Rein, Keta, Hamar, Utanverðunes, Ásgrímsstaðir. Interim Report 2016. Report no. BSK-2017-183 / SCASS-2017-111. Byggðasafn Skagfirðinga/Fiske Center for Archaeological Research, UMass Boston. 2017.

Bolender, Douglas J. et al. Helluland on Hegranes: Coring, & Test Pit: Interim Report 2016. Report no. BSK 2017-185 / SCASS 2017-13. Byggðasafn Skagfirðinga/Fiske Center for Archaeological Research, UMass Boston. 2017.

Friðriksson, Adolf. "Social and Symbolic Landscapes in Late Iron Age Iceland." *Archaeologia Islandica* 7 (2009).

Pálsson, Hjalti, Egill Bjarnason, og Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar*. Ritstýrt af Hjalti Pálssyni. Vol. V. Rípurhreppur-Viðvíkurhreppur. Skagfirsk Fræði. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagafirðinga, 2010.

Örnefnaskrár

Örnefnaskrá Hellulands. Skráningaraðili Sigurður Ólafson. 1934 Örnefnastofnun Íslands.

Fornleifar á Hegranesi – hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Fjarlægð frá línu	Austun	Norðun
2153-1	Utanverðunes	kumlateigur	mögulegt kuml	800	1000	vel greinanleg	hætta	20m	475.931	583.580
2153-2	Utanverðunes	öskuhaugur/bæjarhóll	heimild	800	1900	raskað	mikil hætta	í línu	476.156	583.757
2153-3	Helluland 1	fjárhús og hlaða	tóft	1900	1950	vel greinanleg	hætta	15m	476.080	580.537
2153-4	Helluland 1	bæjarhóll	heimild	800	1900	raskað	mikil hætta	í línu	476,211	580.302